

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	Lokaverkefni MYL 603 Kennsluáætlun vor 2012	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 2		

Nafn kennara:	Véronique Legros	Sk.stöfun:	VER
	Viðtalstími : fim. 10.40-11.20 (í kennarastofu Listnámsbrautar)	Netfang:	vero@vma.is

Áfangalýsing

Nemendur velja sér verkefni eftir áhugasviði hvers og eins. Þeir geta dýpkað skilning sinn á miðlum sem þeir hafa áður kynnst eða kynnt sér nýja miðla.

Nemendur vinna eigin rannsóknar og sköpunarferlisvinnu þar sem þeir leita víða gagna eftir því sem hentar hverju verki.

Verkið skal uppfylla kröfur um hugmyndaauði, listræna framsetningu og góðan frágang.

Markmið

Að nemandi

- ✓ sýni að hann hafi náð að tileinka sér þá þætti sem liggja að baki sjálfstæðri skapandi vinnu.



- sé fær um að vinna með þá miðla sem hann hefur áður kynnst eða tekist á við nýja
- velji sér viðfangsefni að eigin frumkvæði
- sýni frumkvæði og hugmyndaauði
- geri verkáætlun og fylgi henni eftir
- sýni öguð vinnubrögð
- geti unnið sjálfstætt
- ✓ geti kynnt verk sín og rökstutt eigið val
- ✓ geti á upplýstan og greinargóðan hátt fjallað um verk samnemenda sinna þannig að gagnlegar umræður skapist.

Skipulag annarinnar

- **11. janúar** Fundur og skipulagning viðtala
- **18. janúar** Viðtöl og **SKIL á verklýsingu**
- **8. feb** Fundur og yfirferð
- **7. mars** Fundur og yfirferð
- **11. apríl** **SKIL Fullklárað verk**, yfirferð og fundur, sýningarundirbúningur
- **20.- 22. apríl** **Sýning**, yfirferð
- **30. apríl** **SKIL Greinargerð** þar sem fram koma hugmyndir
+ **Mappa yfir ferlið** (prufur og skissur frá undirbúningsferlinu, hugmyndavinnu sett fram á greinagóðan hátt / dagbókafærslur)

Verklýsing Í upphafi áfanga skal nemandi vinna verkáætlun og skila til kennara.

Verkáætlunin er beinagrind sem nemandi hleður utan á og getur hugmyndin breyst í vinnuferlinu.

Umræður Jafnt og þétt verða umræður um vinnuna einstaklingslega og í hóp.

Haldnir verða fundir með hópnum og nemendur skrá sig í einstaklingsviðtöl við kennara reglulega.

Greinargerð: Nemendur skila skriflegri greinargerð í lokin þar sem fram koma forsendur fyrir vali á viðfangsefni, hugmynd að baki, lýsing á þróunarferli og afstaða höfundar til niðurstöðu.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	Lokaverkefni MYL 603 Kennsluáætlun vor 2012	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 2 af 2		


Dagbók/skissubók: Þýðingarmikið er að nemandi vinni skissu/hugmyndavinnu á markvissan hátt þannig að hann skrái ferlið að baki verkinu, hugsanir þælingar, mögulegar tengingar og geri á þann hátt eigið skapandi ferli sýnilegt.

Sýning: Í lok áfanga setja nemendur upp sýningu á verkum sínum og undirbúa hana í samvinnu við samnemendur sína. Nemendur skipta með sér verkum við undirbúning hennar, velja sýningarstað og hanna kynningarefni.

Námsgögn Ýmsar bækur um listamenn og liststefnur sem tengjast hugmyndum hvers og eins, tímarit og vefsíður samtímalistasafna og einstakra listamanna. (til á kennarastofu Listnámsbrautar eða í bókasafninu)

Innkaup Nemendur velja þann miðil sem þeim hentar, útvega efni sjálfir og borga fyrir það en fá pappír og líti til skissuvinnu hjá skólanum.

Námsmat		Vægi
Lokaverk	25 %	50%
Mappa yfir ferlið	25 %	
Greinargerð		
Undirbúningsvinna		
Verkáætlun		
Umræður		
Ástundun, vinnulag		
Lokamat og yfirferð kennara áfangans og annara kennara brautarinnar		50%



Eftir prófsýnidag geymir skólinn ósótta vinnu í eitt ár án ábyrgðar



Með fyrirvara um breytingar,

Gangi ykkur vel og njótið !

Veronique

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils